



Til: hakon.asgeirsson@ust.is
Efni: Re: Fw: Skyndilokun Skógaheiði_ósk um umsögn
Upplýsingar: Sent: 23.03.2018 16:57:01 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030051, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018030051

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, þar sem óskað er eftir umsögn og samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands um lokun á gönguslóða meðfram Skógaheiði, skv. 25. gr. laga um náttúruvernd nr. 6072013, a.m.k. þar til aðstæður breytast frá því sem nú er. Lokunin er bæði af öryggisástæðum og til að vernda gróður umhverfis gönguslóða.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsend gögn en tímans vegna hefur ekki náðst að fara á vettvang. Af innsendum ljósmyndum má glögg sjá að nauðsynlegt er að loka svæðinu og grípa til aðgerða.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að loka þurfi svæðinu og endurheimta gróðurhulu eins fljótt og hægt er. Einnig þarf að tryggja að skemmdir á landi vegna átroðslu ferðamanna komi ekki upp aftur eða aukist frá því sem nú er.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Date: 23.03.2018 14:32:52
To: Anna Sveinsdóttir/NI.IS@NI.IS
Subject: Fw: Skyndilokun Skógaheiði_ósk um umsögn

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 23.03.2018 14:32 -----

From: Hákon Ásgeirsson <hakon.asgeirsson@ust.is>
To: Hákon Ásgeirsson <hakon.asgeirsson@ust.is>
Date: 23.03.2018 13:03
Subject: FW: Skyndilokun Skógaheiði_ósk um umsögn

From: Hákon Ásgeirsson
Sent: föstudagur, 23. mars 2018 12:29
To: Hákon Ásgeirsson <hakon.asgeirsson@ust.is>
Subject: Skyndilokun Skógaheiði_ósk um umsögn

Umhverfisstofnun hefur gert úttekt á gönguslóða meðfram Skógaheiði að austan (sjá viðhengi). Umrætt svæði er friðlýst náttúruvætti samkvæmt auglýsingu nr . 477/1987. Núverandi gönguslóði og umhverfi hans er mjög illa farið vegna mikinn fjölda ferðamanna samhliða snöggum veðrabreytingum, hlýinda og mikillar vætu.

Umhverfisstofnun er að undirbúa lokun á gönguslóða þar til aðstæður breytast , það er að jarðvegur þorni, frost fari úr jörðu og gönguslóði verður fær til göngu . Lokunin er bæði af öryggisástæðum og til að vernda gróður umhverfis gönguslóða . Samkvæmt 25. gr. a, laga um náttúruvernd nr. 60/2013 getur Umhverfisstofnun takmarkmarkað umferð eða lokað svæði vegna hættu á gróðurskemmdum . Í 25. gr. a segir m.a. „ *Ef sérstakar aðstæður skapast þar sem veruleg hættu er á tjóni af völdum óvenjumikillar umferðar eða vegna sérstaklega viðkvæms ástands náttúru getur Umhverfisstofnun ákveðið að takmarka umferð eða loka viðkomandi svæði tímabundið fyrir ferðamönnum. Sem unnt er skal haft samráð um slíka ákvörðun við fulltrúa ferðapjónustu og útivistarfólks sem ætla má að hyggi á ferðir um svæðið , og ef um eignarland er að ræða skal ætíð haft samráð við eiganda lands eða réttshafa áður en ákvörðun er tekin. Takmörkunin eða lokunin skal að jafnaði ekki standa lengur en tvær vikur en ef nauðsyn krefur er heimilt að framlengja hana að fenginni staðfestingu ráðherra.*“

Stefnt er á að meta ástand svæðisins aftur innan tveggja vikna og meta hvort aðstæður hafi batnað.

Umhverfisstofnun óskar eftir umsögn og samráði varðandi umrædda lokun . Þar sem um skyndilokun er að ræða óskar stofnunin eftir svari sem fyrst eða eigi síðar en í lok dags föstudag, þ.e. fyrir kl. 16:00 hinn 23. mars. Hægt er að ná sambandi við umsjónarmann svæðisins í síma 822-4019.

Virðingarfyllst
Hákon

Bestu kveðjur, Best regards
Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri, Team leader
Svið náttúru, Department for Nature



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
Bréfasími / Fax: +354 591 2010
Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)



- Takmarkanir á umferð á Skógarheiði.docx